

Ed.

111. Frumvarp til laga

[95. mál]

um breytingu á lögum nr. 25 23. apríl 1969, um breytingu á lögum nr. 86 31. desember 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

a-liður 1. gr. orðist svo: Hlutatalan má ekki fara fram úr 65000, en skiptist í 12 flokka á ári hverju og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur fyrsta flokks í janúarmánuði og tólfta flokks í desembermánuði. Heimilt er að gefa út fjóra flokka hlutamiða E, F, G og H flokk, sem tengjast við númer þau, sem heimilt er að gefa út samkvæmt ákvæðum þessa staflíðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarpið er flutt að ósk háskólaráðs.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að Happdrætti Háskóla Íslands verði heimilað að gefa út nýjan flokk hlutamiða til viðbótar þeim þrem flokkum, sem lagaheimild er nú fyrir. Með l. nr. 86 31. desember 1963 var Happdrætti Háskóla Íslands heimilað að gefa út nýjan flokk hlutamiða, B-flokk. Flokkur þessi var upp tekinn til að bæta úr brýnni fjárförf Háskólans, en sem kunnugt er hefur það verið verkefni Happdrættisins að kosta nýbyggingar Háskólans, viðhald eldri bygginga, tækjakaup, umönnun lóða o. fl. Með l. nr. 25 23. apríl 1969 var enn heimilað að gefa út nýjan flokk hlutamiða, C-flokk, til að mæta að nokkru sívaxandi fjárförf Háskólans. Við nánari athugun hefur hins vegar komið í ljós, að hentugra er að fjölga flokkunum um tvo fremur en einn, og er frumvarp þetta flutt vegna þess.

Hlutamiðar Happdrættisins eru nú gefnir út í heilmiðum og hálfmiðum og vinningar skiptast samkvæmt því. Áhugi viðskiptamanna Happdrættisins hefur um langa hrið beint fyrst og fremst að heilmiðum, og mjög hefur á það skort, að unnt hafi verið að anna eftirspurn eftir þeim. Margir þeirra, sem eiga hálfmiða, stefna að því að eignast heilmiða með sama númeri. Með því að gefa út tvo nýja flokka heilmiða mundu allir þeir, sem eiga hálfmiða, fá þeim breytt í heilmiða. Jafnframt sparast mikil vinna hjá Happdrættinu við miðatalningu og fleira. Með breytingu þessari er einnig tryggt, að Happdrættið geti til frambúðar annað eftirspurn viðskiptavina sinna eftir heilmiðum, en ekki er gert ráð fyrir, að aukning þessi seljist öll þegar í stað.

Ný nöfn flokkanna, E, F, G og H í stað A, B og C (og D), eru upp tekin af hagkvæmnisástæðum við samlestur.

Með frumvarpi þessu er stefnt að hagræðingu í rekstri Happdrættisins og jafnframt er því gert kleift að fullnægja eftirspurn viðskiptavina sinna og auka þar með tekjumöguleikana.

Framundan er stóráttak til eflingar Háskóla Íslands. Miklu fé þarf að verja til ýmiss konar fjárfestingar, og verður það ekki nema að hluta sótt til Happdrættisins. Með breytingu þessari er að því stefnt að nýta betur tekjumöguleika Happdrættisins og gera því kleift að leggja meira af mörkum en ella væri til þessarar uppbyggingar.

Að öðru leyti þarfnast frumvarpið ekki skýringa.